



Nr. 3/2005
4. febrúar 2005

Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands í lok janúar 2005

Í meðfylgjandi töflu er sýndur efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands í lok janúar 2005 og til samanburðar í lok desember 2004 og í lok desember 2003.

Seðlabankinn keypti gjaldeyri á innlendum millibankamarkaði fyrir 0,8 milljarða króna í janúar sl. í samræmi við áður kynnta áætlun hans um að viðhalda gjaldeyrisstöðu sinni. Gjalderyisforði bankans dróst saman um 0,6 milljarða króna í mánuðinum og nam 65 milljörðum króna í lok mánaðarins sem jafngildir 1.047 milljónum Bandaríkjadala miðað við gengi í mánaðarlok. Gengi íslensku krónunnar styrktist um 1,6% í janúar.

Kröfur Seðlabankans á innlánsstofnanir lækkuðu um 17,6 milljarða króna í janúar og námu 14,1 milljarði króna í lok mánaðarins. Kröfur á aðrar fjármálastofnanir hækkuðu um 0,2 milljarða króna og námu 9,2 milljörðum króna í mánaðarlok.

Markaðsskráð verðbréf í eigu bankans námu 2,6 milljörðum króna í janúarlok miðað við markaðsverð.

Skuldir Seðlabankans við innlánsstofnanir lækkuðu um 4,5 milljarða króna í mánuðinum og námu 22,4 milljörðum króna í janúarlok, en skuldir við aðrar fjármálastofnanir lækkuðu um 13,6 milljarða króna í mánuðinum.

Nettóinnstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana jukust um 0,8 milljarða króna og námu 18,6 milljörðum króna í lok janúar.

Grunnfé bankans lækkaði í janúar um 4,9 milljarða króna og nam 33,7 milljörðum króna í mánaðarlok.

Nánari upplýsingar veita bankastjórar Seðlabanka Íslands og Erla Árnadóttir aðalbókari í síma 569-9600.

Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands 31. janúar 2005

	STADA	STADA	STADA	HREYFINGAR 2005	
	31.12.03	31.12.04	31.01.05	Frá des 03	Í janúar
EIGNIR	87.307,0	106.590,3	88.643,8	1.336,8	-17.946,5
Erlendar eignir	58.274,1	65.709,2	65.107,0	6.832,9	-602,2
a Gull	1.873,2	1.707,2	1.676,8	-196,4	-30,4
b Sérstök dráttarréttindi IMF	3,5	7,5	7,5	4,0	0,0
c Gjaldeyrisstaða við IMF	1.962,8	1.765,3	1.757,9	-204,9	-7,4
d Erlendir bankar	22.739,6	23.171,2	21.467,8	-1.271,8	-1.703,4
e Erlend verðbréf og ríkisvixlar	31.529,2	38.909,7	40.050,0	8.520,9	1.140,3
f Erlendar eignir utan forða	165,9	148,2	147,0	-18,9	-1,2
Innlánsstofnanir	24.038,2	31.771,3	14.147,0	-9.891,2	-17.624,3
a Endurhverfir samningar	24.038,2	31.771,3	14.147,0	-9.891,2	-17.624,3
Aðrar fjármálastofnanir	4.192,6	8.993,4	9.202,5	5.009,9	209,1
a Markaðsskráð verðbréf	3.223,2	3.231,6	2.588,2	-635,0	-643,4
b Endurhverfir samningar	969,4	5.761,8	6.614,3	5.644,9	852,5
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	715,5	32,3	32,5	-683,0	0,1
a Markaðsskráð spariskírteini	715,5	32,3	32,5	-683,0	0,1
Aðrar eignir	86,5	84,0	154,8	68,3	70,8
SKULDIR OG EIGID FÉ	87.307,0	106.590,3	88.643,8	1.336,8	-17.946,5
Erlendar skuldir til skamms tíma	123,6	142,3	281,6	158,0	139,3
Mótvirði úthlutunar dráttarréttinda IMF	1.734,7	1.560,7	1.554,1	-180,6	-6,6
Seðlar og mynt	10.583,5	11.632,3	11.235,2	651,7	-397,1
Innlánsstofnanir	11.116,9	26.925,8	22.443,6	11.326,8	-4.482,1
a Innstæður	6.615,7	22.519,0	9.766,9	3.151,2	-12.752,1
b Bundnar innstæður v/störgreiðslukerfis	3.825,0	2,9	0,0	-3.825,0	-2,9
c Innstæðubréf	4.501,2	4.403,8	12.676,7	8.175,6	8.272,9
Aðrar fjármálastofnanir	33,2	13.680,8	100,5	67,3	-13.580,3
a Innstæður	33,2	13.680,8	100,5	67,3	-13.580,3
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	22.900,7	17.814,8	18.604,5	-4.296,2	789,7
a Aðalviðskiptareikningar ríkissjóðs	9.689,1	16.256,8	17.097,7	7.408,6	840,9
b Ríkisstofnanir	1.207,6	519,4	272,9	-934,7	-246,5
c Gjaldeyrisreikningar ríkissjóðs	487,1	1.038,6	1.234,0	746,8	195,3
d Bundið innlán	11.516,9	0,0	0,0	-11.516,9	0,0
Aðrar skuldir	597,5	632,3	509,0	-88,5	-123,3
Áætluð afkoma ársins fyrir skatt	.	0,0	-286,1	-286,1	-286,1
Gengishagnaður/-tap á árinu	-301,1	-301,1	-301,1
Áætlaður hagnaður af rekstri	14,9	14,9	14,9
Stofnfé og annað eigið fé	40.217,1	34.201,4	34.201,4	-	-
Liðir til skýringar					
Gjaldeyrisforði (erlendar eignir, a - e)	58.108,2	65.561,0	64.960,0	6.851,8	-601,0
Gjaldeyrisstaða, nettó	57.984,6	65.418,7	64.678,4	6.693,8	-740,3
Innstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana, nettó	22.185,2	17.782,4	18.572,1	-3.613,1	789,6
Kröfur á aðra, bruttó	28.317,4	40.848,7	23.504,3	-4.813,1	-17.344,4
Grunnfé	21.700,4	38.558,1	33.678,8	11.978,5	-4.879,2

Allar fjárhæðir í milljónum króna